

Eiríkur Rögnvaldsson

## *u*-hljóðvarpið afturgengið

### 1. Inngangur

Í afmælisriti Kristjáns Árnasonar kemur vitaskuld ekki nema eitt viðfangsefni til greina: *u*-hljóðvarp. Um það höfum við Kristján karpað undanfarinn aldarfjórðung. Skoðanaskipti okkar hófust með grein minni (Eiríkur Rögnvaldsson 1981) og grein Kristjáns (1985), en hafa síðan einkum falist í meinlausum skotum á kennarastofu Árnagarðs. Kannski verðum við þó að fara að hætta þessu karpi því að það virðist vera farið að hafa áhrif á málfar í fjölskyldum okkar. Í fyrra sendi sonur Kristjáns bréf á póstlista Háskólans þar sem hann óskaði eftir að kaupa gamlar tölvur og var „**sanngjarnu** verði heitið“ (feitletrun mín, ER). Og í vor hélt konan mín því fram – ranglega – að við feðgar værum „**montrössgut**“ (feitletrun mín, ER).

En í þessari grein ætla ég ekkert að minnast á hluti sem gætu orðið okkur Kristjáni að ágreiningsefni, s.s. baklæggar gerðir, virkni hljóðkerfisreglna, regluröðun o.s.frv. Ég ætla að fjalla um sígilt viðfangsefni: Þágufall fleirtölu af orðinu *banani*.

### 2. *banönum* eða *bönunum*?

Þegar Böðvar Guðmundsson sá um þáttinn *Daglegt mál* í Ríkisútvarpinu kringum 1980 var hann eitt sinn spurður að því hvort þágufall fleirtölu af *banani* væri *banönum* eða *bönunum*. Böðvar svaraði þessu ekki beint, en taldi vænlegast að leita til bænda og spyrja þá hvernig þeir hefðu orðið *valtari* í umræddu falli – og fara svo eins með *banani*. Þótt ég sé úr sveit kom þetta svar mér að litlu gagni. Í minni sveit var nefnilega bara til einn *valtari*. Hann gekk milli bæja og var einfaldlega kallaður *Valtarinn* með ákveðnum greini. Það reyndi því aldrei á það hvernig fleirtala orðsins væri, og þess vegna er ég enn í dag jafn ófróður um það hvernig þágufall fleirtölu af *banani* eigi að vera. Sumir eru þó ekki í vafa um hvort sé rétt; þeirra á meðal er Sverrir Páll Erlendsson menntaskólakennari á Akureyri, sem segir:<sup>1</sup>

- (1) Lengi hef ég ætlað að minnast á banana, þann gula, íbjúga ávöxt. Það er svo algengt að fólk beygi orðið *banani* vitlaust í fleirtölu. Rétt er að beygja orðið þannig: Margir bananar, um marga banana, frá mörgum **banönum**, til margra banana. Villan er í þágufallinu, þegar sagt er til dæmis: Mig langar í köku með **bönunum**. Bönunum er þágufall fleirtölu af orðinu *bani*, með greini *banarnir*, en *banarnir* eru banamennirnir (sjá til dæmis að verða manns *bani*). Mig langar ekki í köku með banamönnum. Nei. Hins vegar þykja mörgum góðar kökur með **banönum**.

<http://www.ma.is/kenn/svp/pistlar/sept03.htm>

---

<sup>1</sup> Öll tölusett dæmi eru tekin af netinu og birt stafrétt. Yfirleitt þótti þarflaust að láta slóðina fylgja, enda getur hver sem vill leitað sjálfur að dæmunum með hjálp *Google* eða annarra leitarvéla.

Ég veit ekki hvort það er fyrir áhrif frá Sverri Páli, en einn gamall nemandi hans (og Böðvars), Nanna Rögnvaldardóttir matargúrú, er a.m.k. á sömu skoðun:

- (2) Þetta er ekki kökuuppskrift, en næst þegar þið ætlið að kaupa ykkur ódýrar vinsældir (engar 300 milljónir hér!) hjá einhverjum sem er hrifinn af banönum (ég neita að segja bönunum. Það er þá bara mín sérviska), þá mætti reyna þetta.  
[http://nannar.blogspot.com/2003\\_03\\_09\\_nannar\\_archive.html](http://nannar.blogspot.com/2003_03_09_nannar_archive.html)

Það er þó ljóst að ekki eru allir sammála Sverri Páli. Leitarvélin *Google* finnur u.þ.b. 1650 dæmi um *banönum*, en nokkru fleiri um *bönunum* – u.þ.b. 1930. Ekki þarf að skoða mörg þessara dæma til að sjá að fleiri en ég velkjast í vafa:

- (3) Ég er að vinna hjá Banönum/Bönunum EHF
- (4) Sú sem ég hitti (og var svo almennileg að hringja) sagði að hún hefði nú farið um daginn í gegnum töskurnar og hent banönum (bönunum), brauði og öðru sem farið var að lykta! Oj!
- (5) Hver vill borða nammi sem er samansett úr banönum (eða bönunum?), döðlum, hnetum og möndlum.
- (6) Hann hefur ákveðið að fara ekki í einangrunarbúðir þetta sumarið eins og hann gerði síðasta sumar, þar sem hann starfaði í litlu búi í í afskekktu húsi uppi á fjalli þar sem eina samband hans við umheiminn var umferðaræð sem laxveiðijeppar og rauð blóðkorn, hlaðin bönunum (banönum?) og annari þróunaraðstoð, þutu eftir.
- (7) Er líka til í að borða eitthvað gott því ég hef eiginlega bara lifað á tei og banönum... Hmm bananar, bönunum? Bananar er asnalegt orð. Líka þetta þarna hans og síns dæmi. Hvenær á maður að segja hvort.

Sumir virðast nota myndirnar til skiptis án þess að velta því fyrir sér (eða leiða hugann að því?):

- (8) Annars þetta með banana leikinn, hafa húmoristar nokkrir bent á, að það sé ekki nema von að Baugstíðindi (Norðurljósasamsteypan) hafi nóg af bönunum, Baugur group haf fyrir nokkru keypt fyrirtækið Banana ehf, af Pálma og fleirum, því sé engin hörgull á banönum, fyrir lítið.
- (9) [Úr matseðli leikskóla á Norðurlandi:]  
Brauð með kæfu og bönunum  
Brauð með perum og bönunum  
Brauð með banönum og perum

### 3. *bananum* og *bönönum*

Í grein minni um *u*-hljóðvarp er ekki gert upp á milli myndanna *banönum* og *bönunum*, en hins vegar sagt (Eiríkur Rögnvaldsson 1981:29) að *\*bananum* og *\*bönönum* komi vart fyrir (þótt þess sé reyndar getið neðanmáls að Anderson (1969:57nm) nefni dæmi um fyrrnefndu myndina og Orešnik (1977:167) um þá síðarnefndu). Hafi þessar myndir ekki verið til fyrir aldarfjórðungi hefur a.m.k.

orðið breyting á, eins og ýmis dæmi sýna. Þannig finnur *Google* 36 dæmi um *banunum* – flest þeirra reynast að vísu vera úr færeysku, en ekki öll:

- (10) Topp tíu listinn yfir það sem karlmenn myndu gera ef þeir væru með þú þú í einn dag.  
10. byrgja sig upp af agúrkum og banunum.

Sumir sýna *banunum* sem hugsanlega mynd við hliðina á *banönum* og *bönunum*:

- (11) Eftir að hafa svo fjárfest í snakkpoka og þremur bönunum/banunum/banönum með nokkur tiskuslys í formi snjógalla fyrir augunum leyfðum við Björmu að fríka út á Móður Mosfellsbæjar og rúntuðum svo yfir á þjóðveg númer eitt.

Myndin *bönönum* er hins vegar mun algengari; *Google* finnur u.þ.b. 100 dæmi um hana:

- (12) Já Andri Dagur var það góður að redda mér vinnu hjá bönönum. Þegar að ég er spurður hvar eg vinn segi ég einfaldlega "hjá bönönum.ehf" og þá segir viðkomandi oftast "Hvad ertu að gera ? flokka banana?" og hlær
- (13) Mér þykir línurnar á bönönum ógeðslegar. Þið vitið hvað ég á við - þessa spotta sem hanga utan á bönönum.

En þeir sem nota þessa mynd eru ekki alltaf vissir í sinni sök, frekar en margir aðrir, og láta stundum í ljós skoðanir sínar á orðinu og beygingu þess:

- (14) Ég á að taka myndir af bönönum (banönum... um, whatever) eða eplum... ekki bara nokkrar myndir heldur heila filmu... 36 myndir... talandi um að verða Fruity...
- (15) Borðaði hjá Þráni, mmm.... grillað lambakjöt og ís með heitri rifsberjasósu, banönum/bönönum (vá... þetta er **ASNALEGT** orð!!) og súkkulaðibitum út á ... sluuuuurrrp! slef..

Þess eru jafnvel dæmi að menn leiðist út í snúnar málfræðipælingar í tilraunum sínum til að finna réttu myndina:

- (16) Það er hvítleitt að beigja orðið banani í fleirtölu. Hér eru bananar, um banana, frá ?, til banana. Þágufallið er vandamál. Bönunum eða banönum, eða jafnvel banunum. Ef það er í samræmi við orðið fjall, ft. fjöll, þá hlýtur það að vera bönunum, en þá ætti líka að segja öthugum frekar en athugum. Samræmis skal ætíð gæta á vettvangi málfræðinnar og hene nu!  
Verði ykkur bananarnir að góðu, troðið ykkur út af bönunum/banönum  
Þórunn Grét út af þessari málfræðiflækju.

- (17) [Umræða á spjallþræði:]  
A: Ansi var ég lengi að spá í þessum banönum (aldrei hef ég fattað af hverju fólk segir *bönönum* (þgf.)). Ég er þó kominn á þá niðurstöðu að í eignarfalli myndi maður segja *banananna* en hugmynd Hédins gæti hins vegar gengið upp í þolfalli...  
B: Til banananna.....minna....tvö n í ef./m.gr.  
Annars er skemmtilegra að pæla í þgf. Segir maður: bönununum eða banönunum!?  
A: Já, þá er þetta rétt hjá mér.

Ég hef aldrei fyllilega skilið það þegar fólk segir *bönönunum*. Ætli þetta sé ekki einhver oftúlkun á hljóðbreytingunni **a-ö**? Það liggur beinna við að hljóðbreyta báðum **a** í **ö**, í stað þess að gera upp á milli (og fólk gerir þetta án þess að þæla í því).

Það er alla vega mín þæling. Þetta er klárlega málfraðilega rangt.

Það er greinilegt að þessi vafi um þágufall fleirtölu leggst þungt á suma málnotendur.

#### 4. Lokaorð

Af því að Kristján Árnason er ekki bara áhugamaður um *u*-hljóðvarp, heldur líka málræktarmaður sem hefur skrifað mikið um erlend áhrif á íslensku, er sjálfsagt að benda á einfalda leið til að feykja öllum þessum vangaveltum og áhyggjum út í buskann á svipstundu. Hún er sú að losa sig við tökuorðið *banani* og nota þess í stað hið smekklega nýyrði *bjúgaldin*, sem enginn vandi er að beygja. Því myndu margir fagna, a.m.k. *The Loan-word Terminator* – öðru nafni *Timbur-Helgi Hermannsson* – sem segir:

- (18) Every non-icelandic nordophile I know of, adores the puristic endeavours of most Icelanders and consider their extreme language policy as the most characteristic feature of the language. How regrettable they found the fact that the dull ‘banani’ was preferred above the original ‘bjúgaldin’. Don’t they now that the latter word make them unique among most languages?

[http://loanwordterminator.blogspot.com/2006\\_08\\_01\\_loanwordterminator\\_archive.html](http://loanwordterminator.blogspot.com/2006_08_01_loanwordterminator_archive.html)

Að lokum er rétt að bregða upp sýn útlendinga á það erfiða vandamál sem þessi grein fjallar um.

- (19) “That one,” he said, answering the unspoken question in her eyes as she drew a languorous fingernail along it, “I got in a fight in a bar in Hafnarfjörður. A discussion about the dative plural of ‘banana’ turned nasty; you know what Icelanders are like.” – *The Further Adventures of the Count von Bladet*, private communication.

<http://piginawig.diaryland.com/040705.html>

#### HEIMILDIR

Anderson, Stephen R. 1969. An Outline of the Phonology of Modern Icelandic Vowels. *Foundations of Language* 5:53-72.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1981. U-hljóðvarp og önnur a-ö víxl í nútímaíslensku. *Íslenskt mál* 3:25-58.

Kristján Árnason. 1985. Morphology, Phonology and u-Umlaut in Modern Icelandic. Edmund Gussman (ritstj.): *Studies in the Interaction of Phonology and Morphology*, bls. 9-22. Catholic University of Lublin, Lublin.

Orešnik, Janez. 1977. Modern Icelandic u-Umlaut from the Descriptive Point of View. *Gripla* 2:151-182.